



Stjórnarfundur 9 miðvikudaginn 10. nóvember 2018 kl. 16.30 á skrifstofu BLÍ.

Mætt; Jason Ívarsson, formaður, Árni Jón Eggertsson, Andri Hnikarr Jónsson og Svandís Þorsteinsdóttir í síma, Kristín Hálfánardóttir, Steinn Einarsson.

Afboð og mættu ekki; , Stefán Jóhannesson, Sigurbjörn Árni Arngrímsson

Dagskrá

- Útsendingar SportTv.
- Fjáröflun
- Smáþjóðaleikar
- EM í janúar
- Ársþing 2019
- Önnur mál

Fundargerð

Útsendingar SportTv:

Stöðin er komin með sjónvarpsrás og það er áhugi af beggja hálfu að hefja útsendingar frá leikjum í Mizunodeildinni. Það verður hins vegar ekki gert fyrr en búið er að tryggja fjármagn fyrir útsendingunum.

Rætt var um að endurvekja fjölmiðlagjaldið.

Fjáröflun:

Búið er að ganga frá samningi við Gísla og í framhaldinu mun hann ræða við fulltrúa SportTv um fjármögnun útsendinga. Gísli mun auk þess vera með fleiri járn í eldinum hvað fjáröflun varðar.

Smáþjóðaleikar:

Leikarnir verða frá 26. maí til 2. júní 2019. Skráningarfrestur er til 19. nóvember. Ákveðið var að skrá blaklið beggja kynja til þátttöku.

EM í janúar:

Síðustu leikirnir í undankeppni EM verða í Digranesi miðvikudaginn 9. janúar nk. Undirbúningur fyrir leikina og umsjón þeirra verður hefðbundinn. Keppnishúsið og hótél fyrir erlendu keppendurna eru tilbúin.

Ársþing:

Ákveðið var að halda næsta ársþing BLÍ klukkan 16.00 föstudaginn 29. mars 2019.

Önnur mál:

Rætt var um landsliðsverkefni framtíðarinnar. Þar kom m.a. fram að ákveða þarf hver næstu verkefni eiga að verða og hvernig hægt verði að bæta umgjörð landsliðfólks þannig að alltaf verði hægt að tefla fram sterkasta liðinu.

Það kom einnig fram að landsliðsverkefni þurfa að vera fyrir hendi til þess að úthlutun úr Afrekssjóði ÍSÍ verði sú sama og í núverandi mynd.

Það þarf að móta nýja afreksstefnu og búa fagteymi betri umgjörð

Spurt var um hvað hafi verið unnið í tryggingamálum landsliðfólks sem rætt var á síðasta fundi.

Svarið var að lítið sem ekkert hafi gerst í þeim málum en unnið yrði að því.

Fram kom að góður möguleiki er á samstarfi við Sparisjóð Suður Þingeyinga, sem yrði þá nýr viðskiptabanki BLÍ.

Hnikarri var falið að vinna það mál áfram með það í huga að yfirfærsla bankaviðskiptanna geti farið fram um næstu áramót.

Fleira ekki tekið fyrir og var fundi slitið klukkan 17.59.

Fundargerð ritaði Jason Ívarsson